

Mættir eru: Tinna Magnúsdóttir formaður, Petra Ruth Rúnarsdóttir meðstjórnandi og Heiða Hrólfsdóttir leikskólastjóri sem einnig ritar fundargerð.

1. Skóladagatal lagt fram til kynningar
Farið yfir drög að skóladagatali sem lagt verður fyrir mars fund fræðslunefndar sveitarfélagsins.
2. Ársskýrsla leikskólans
Farið yfir ársskýrslu 2024 og hún samþykkt. Verður kynnt á næsta fundi fræðslunefndar og í framhaldinu birt á heimasíðu leikskólans. Foreldrar eru hvattir til að lesa skýrsluna.
3. Skólanámskrá 2025
Farið var yfir breytingar í skólanámskrá 2025 út frá nýjum köflum (7, 8, 9, 10) um leik barna í aðalnámskrá leikskóla. Skólanámskráin er á heimasíðu leikskólans.
4. Íslenskuþorpið
3 erlendir starfsmenn eru í námi Menntafléttunnar, Íslenskuþorp í leikskólum um allt land. Námskeiðið er fyrir starfsfólk leikskóla sem hefur annað móðurmál en íslensku. Hefur leikskólinn fengið hrós fyrir frábært utanumhald deildarstjóra leikskólans frá yfirmönnum Menntafléttunnar.